Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100034/bs

**Breyting á legu háspennustrengs frá Gjábakkafjöru að tengihúsi Landsnets á Skansinum - Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
Hér er um að ræða nýja strengleið a um 400 m löngum kafla frá Skansfjöru að tengihúsi á Skansinum.
Þær breytingar sem gera á á legu strengsins felur í sér að hann fylgir vegslóða upp á Strandveginn og þaðan niður á Skansinn. Það er því ekki verið að fara um áður óraskað svæði að því gefnu að vegstæðinu sé fylgt.
Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting á legu jarðstrengs muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson